



Verklagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda

Markmið þessara verklagsreglna er að:

- skýra ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Foreldrar

- í verklagsreglum þessum teljast þeir foreldrar barns sem fara með forsjá þess í skilningi barnalaga.
- taka skal tillit til sérstakra aðstæðna foreldra eins og kostur er í málum sem verklagsreglurnar taka til
- eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skólinn tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru varðandi mál sem verklagsreglurnar taka til
- eigi í hlut foreldrar sem eru innflytjendur skal tryggja skilning þeirra eins og kostur er og að þeir séu vel upplýstir um það ferli sem fer í gang í málum sem verklagsreglurnar taka til og hvert hlutverk þeirra er
- tryggja skal menninganæma nálgun í vinnu með foreldrum af erlendum uppruna eins og kostur er

A . Verklagsregla um viðbrögð við hegðunar- og samskiptavanda nemenda

1. Umsjónarkennari/kennari leitar orsaka vandans með viðtölum við nemandann og foreldra hans.

Sérstaklega skal skoða:

- þroska nemandans, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa
- aðstæður í nemanda- og félagahópnum
- samskipti kennara og nemenda og samskipti heimila og skóla

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

2. Kennari leitar aðstoðar skólastjórna og sérfróðra ráðgjafa skólans.
3. Skólastjóri heldur fund með kennara, foreldrum og nemanda þar sem leitað er leiða til úrbóta.
4. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis.



Gagnvart nemanda sem virðir ekki skólareglur má grípa til þessara úrræða:

- að taka nemanda úr kennslustund og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags undir eftirliti starfsfólks skólans
- að vísa nemanda úr kennslustund í ákveðinni námsgrein í annað úrræði innan skólans undir eftirliti starfsfólks skólans
- að óska eftir að foreldrar sæki viðkomandi nemanda
- að meina nemanda þátttöku í félags- og tómskundastarfi á vegum skólans vegna agabrotu í félags- og tómskundastarfi
- að vísa nemanda um stundarsakir úr skóla að hámarki eina kennsluviku á meðan leitað er lausnar. Foreldrar geta komið fram athugasemdum og andmælum, skv. 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 93/1993
- að vísa nemanda ótímabundið úr skóla ef nemandi veldur öðrum skaða eða eignatjóni, leita skal allra leiða áður en þessi leið er farin. Skólastjóri tilkynnir skólanefnd ákvörðunina sem tryggir nemanda annað skólaúrræði innan þriggja vikna

Reglugerð nr.1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

5. Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá þjónustumiðstöð hverfisins.
6. Fulltrúi þjónustumiðstöðvar vinnur með skóla og foreldrum að lausn málsins.
7. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.
8. Teymi stofnað um málið. Þjónustumiðstöð hverfisins leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, í sérúrræði eða tímabundinni brottvísun.

B. Verklagsregla gegn einelti

1. Ef grunur er um einelti fer starfsfólk skóla eftir eineltisáætlun skólans og kallar til eineltisteymi skólans, sem kannar málið og setur það í þann farveg sem við á.
2. Eineltisteymið ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun skólans.

Leiðbeinandi verklag fyrir eineltisteymi skóla:

- Allar ábendingar um einelti eru teknar alvarlega og haft samband við foreldra þolanda
- Sá sem fær upplýsingar um einelti vísar því í eineltisteymið sem tekur málið til meðferðar innan tveggja daga. Skipuleg skráning hefst
- Eineltisteymið kemur saman og gerir viðbragðsáætlun í samræmi við aðgerðaráætlun og aflar frekari gagna
- Teymið ræðir við málsaðila og foreldra þeirra, fyrst þann sem eineltið beinist að, síðan þann/þá sem taldur eru standa fyrir eineltinu
- Könnun máls lokið innan viku frá því að tilkynning un einelti barst
- Ákvörðun um úrvinnslu er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra málsaðila
- Skoða hvort veita þurfi stuðning við þekking/hópinn
- Sá sem einelti beinist að og sá/þeir sem stóðu fyrir eineltinu fá skipulegan stuðning og aðhald í a.m.k. 6 mánuði frá sitthvorum aðilanum



- Einnisteymið heldu áfram samráð við foreldra málsaðila eftir að könnun eineltis lýkur í allt að 6 mánuði
 - Málinu lokað með formlegum hætti (*sjá Vinsamlegt samfélag*)
3. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft og kallar til starfsfólks sérfræðipjónustu skóla í tengslum við aðgerðir gegn einelti og úrlausn einstakra mála í samráði við foreldra.
 4. Foreldrar og skóli geta leitað ráðgjafar hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla.
 5. Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagraðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitafélags.

C. Verklagsregla um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemenda

1. Umsjónarkennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans og hvetur hann til þess að bæta sig.
2. Umsjónarkennari leitar aðstoðar foreldra.
3. Umsjónarkennari leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans.
4. Skólastjóri og kennari halda fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og leitað orsaka vandans. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef ástæða er til.

Sérstaklega skal skoða:

- nám nemandans – stuðning í námi
 - aðstæður í nemenda- og félagahópnum
 - samskipti kennara og nemanda
 - samskipti foreldra og skóla
 - aðstæður nemandans
5. Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá þjónustumiðstöð hverfisins.
 6. Fulltrúi þjónustumiðstöðvar vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
 7. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.
 8. Teymi stofnað um málið. Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess.



D. Verklagsregla um viðbrögð við lögbrotum á skólatíma og á leið nemenda til og frá skóla og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum.

Með alvarlegum brotum á skólareglum er m.a. átt við: Alvarlegt ofbeldi, þjófnað, innbrot í skóla (þar með talið í tölvukerfi), skemmdarverk, veggjakrot, áfengis- og fíkniefnaneyslu, sölu og dreifingu fíkniefna.

Þegar ofangreind mál koma upp metur skólastjóri hverja af neðangreindum leiðum hann velur að fara:

Lausnarleið skóla

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Nemandi sendur heim í samráði við foreldra á meðan málið er til frekari skoðunar. Ef samvinna næst ekki við foreldra getur komið til tímabundinnar brottvikningar nemanda á meðan ákvörðun er tekin um framhald málsins.
 - Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnarsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu
Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
3. Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjóri samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæruför til lögreglu að ræða leitar skólastjóri heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans.
4. Skólastjóri hefur samband við þjónustumiðstöð hverfisins og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
5. Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins. Ráðgjöf og þjónusta boðin frá þjónustumiðstöð hverfisins.
6. Lausnarleið ákveðin í samráði við aðila.
7. Finnist ekki viðunandi lausn er málið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur sem heldur utan um málið á meðan leitað er frekari lausnar.

Aðkoma lögreglu

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir lögreglu um málið og fer fram á rannsókn málsins.
3. Skólastjóri tilkynnir málið til Barnaverndar Reykjavíkur.
4. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda.
 - Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnarsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu
Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar.



Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um minniháttar mál er að ræða fer framhald málsins samkvæmt „Lausnarleið skóla“. Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um alvarlegt lögbrot hefur verið að ræða fer um framhald málsins samkvæmt eftirfarandi ferli:

5. Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur kallar til fundar fulltrúa þjónustumiðstöðvar hverfisins, skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, skóla og foreldra viðkomandi nemanda. Aðilar vinna að lausn málsins.
6. Teymi stofnað um málið þar sem Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.
7. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla sér skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um að útvega nýtt skólaúrræði.

Vímuefnamál

Ef grunur leikur á því að nemandi sé undir áhrifum vímuefna í skólanum/á skólalóð

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir málið til Barnaverndar Reykjavíkur og kallar fulltrúa Barnaverndar Reykjavíkur á staðinn ef ástæða er til.
3. Skólastjóri vísar nemanda úr skóla tímabundið meðan málið er útkljáð. Skólastjóra er heimilt, í samvinnu við foreldra að láta þar til bæra aðila meta ástand viðkomandi nemanda.
 - Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnisýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldum
Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
4. Skólastjóri hefur samband við þjónustumiðstöð hverfisins og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
5. Þjónustumiðstöð, skólastjóri, foreldrar og fulltrúi Barnaverndar vinna að því að finna viðeigandi úrræði fyrir nemandann.
6. Teymi stofnað um málið þar sem Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, í öðru sérúrræði eða tímabundinni brottvísun.

Ef grunur er um að nemandi hafi vímuefni undir höndum, dreifi eða selji þau í skólanum/á skólalóð

1. Skólastjóri tilkynnir málið til lögreglu.
2. Skólastjóri tilkynnir foreldrum málið.
3. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda.



- Ef um brottvikningu er að ræða kal gæta stjórnarsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu
Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar. Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um alvarlegt lögbrot hefur verið að ræða fer um framhald málsins samkvæmt eftirfarandi ferli:

4. Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur kallar til fundar fulltrúa þjónustumiðstöðvar hverfisins, skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, skóla og foreldra viðkomandi nemanda. Aðilar vinna að lausn málsins.
5. Teymi stofnað um málið þar sem Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.
6. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla sér skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um að útvega nýtt skólaúrræði.

Viðbragðsteymi Brúarskóla

Við ráðgjafarsvið Brúarskóla er starfandi viðbragðsteymi vegna alvarlegra brota á skólareglum og er það grunnskólum til aðstoðar og ráðgjafar þegar upp koma alvarleg brot á skólareglum á skólatíma og skólastjóri telur mögulega þörf á utanaðkomandi aðstoð.

1. Skólastjóri sendir skriflega beiðni um aðkomu teymis ásamt grunnupplýsingum
2. Komi viðbragðsteymið að málinu er unnið samkvæmt verklagsreglum teymisins.

E. Líkamleg inngrip í máli nemanda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar

1. Fara skal eftir verklagsreglum sem starfsfólk skóla hefur unnið, þegar stöðva þarf óásættanlega hegðun nemanda.
2. Líkamlegum inngripum skal aðeins beitt í ítrustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra eða valda eignatjóni.
3. Mikilvægt er að starfsfólk vinni ekki eitt við slíkar aðstæður og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks skólans eða viðeigandi utanaðkomandi aðstoð, t.d. lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum.
4. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi.



F. Verklagsregla vegna trúnaðarbrests milli foreldra og skóla

1. Skólastjóri leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans vegna málsins.
2. Skólastjóri og foreldrar leita lausna í málinu.
3. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur kemur að málinu eftir beiðni frá skóla og/eða frá foreldrum.
4. Þjónustumiðstöð hverfisins vinnur með skóla- og frístundasviði Reykjavíkur að málinu.
5. Málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur ef ástæða er til.
6. Teymi stofnað um málið. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess.

Allur ferill mála skal skráður formlega og undantekningarlaust.

Verklagsreglurnar endurskoðaðar

Skóla- og frístundasvið og Velferðarsvið Reykjavíkur, júní 2015.



Þjónusta við grunnskólanema með fjölþættan vanda

Yfirlitsmynd sem sýnir mismunandi verklag í grunnskólum Reykjavíkur eftir eðli viðkomandi máls

